




## Umsögn skipulags

**Vegna: Straumhella 18**

**Fyrirspurn:** Oddafell ehf. leggur þann 30.06.2026 fram fyrirspurn þar sem óskað er eftir færslu á innkeyrslu.

### Staðsetning:



**Skipulagsleg staða:** Í gildi er heildardeiliskipulag Hellnahraun 3. áfangi, endurskoðun sem var samþykkt 01.02.2022.

**Umsögn:** Almennt er ekki talið heppilegt að staðsetja innkeyrslu langt inni í beygju, eins og fyrirhuguð staðsetning sýnir, sérstaklega á athafna- og iðnaðarsvæðum þar sem gera má ráð fyrir þungaflutningum og löngum ökutækjum. Slík staðsetning getur skert sjónsvið og aukið hættu á árekstrum. Þó má benda á að innkeyrsla að Straumhelli 20 er einnig staðsett í miðri beygju, en þar hefur lögun lóðarinnar takmarkað möguleika á annarri útfærslu. Fyrirhuguð innkeyrsla myndi jafnframt vera mjög nálægt núverandi innkeyrslu að Straumhelli 20.

Mælt er með að aðkoma verði útfærð austan megin við lóðina, þar sem sú staðsetning er talin henta betur með tilliti til umferðarflæðis og -öryggis. Byggingarreiturinn er mjög rúmur og gefur því gott svigrúm til að staðsetja bygginguna.

**Niðurstaða:** Neikvætt er tekið í erindið eins og það liggur fyrir. Ásættalegt væri að færa innkeyrsluna frekar til austurs, en breyta þarf deiliskipulagi.

*Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.*

F.h. skipulagsfulltrúa  
Anne Steinbrenner  
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs